

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2026, miðvikudaginn 22. apríl var haldinn 436. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:53.

Viðstödd voru: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Dagbjört S. Oddsdóttir Seltjarnarnesi, Kristín Thoroddsen Hafnarfirði og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi tók sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.

Jafnframt: Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason. Andrés B. Andreassen tók sæti með fjarfundarbúnaði og Fany Larota Catunta sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram rekstraruppgjör skíðasvæðanna fyrir árið 2025, ódags.

Samþykkt.

2. Lagt til kynningar ársskýrsla, dags. skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins fyrir veturinn 2024 – 2025.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefndin vill þakka fyrir fyrstu árskýrslu skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Um er að ræða mikilvægt gagn sem dregur fram í eitt skjal starfsemina yfir árið, fargansröðun í fjárfestingu og viðhaldi og helstu áskoranir. Vill samstarfsnefndin óska eftir því að samhliða uppgjöri ársins fylgi héðan í frá ársskýrsla sem varpar ljósi á starfsárið.

Samþykkt.

3. Lagt fram minnisblað skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 10. apríl 2026, um uppbygging við Skálafell – þarfagreining Reykjavíkurborgar um mögulega aðkomu uppbyggingaraðila að innviðum.
4. Lögð fram tillaga samstarfsnefndar skíðasvæðanna, ódags., um forgangsröðun innviðauppbyggingar og þarfagreiningu á skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Skálafelli.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Frestað.

5. Lagt fram að senda þjónustukönnun skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins á afmarkaðan markhóp.

Samþykkt að senda þjónustukönnunina á notendahóp skíðasvæðanna.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsnefndin samþykkir að þjónustukönnunin verði sett í loftið, unnið verði úr niðurstöðum og þær kynntar eigi síðar í september 2026.

6. Lagðar fram fundargerðir verkefnahóps skíðasvæðanna frá 09. febrúar, 13. mars og 24. mars 2026.

7. Lagt fram minnisblað forstöðumanns, dags. 20. apríl 2026, um stöðuna í fjöllumum tímabilið desember 2025 - apríl 2026.

Fundi slitið kl. 09:29

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Kristín Thoroddsen
Dagbjört S. Oddsdóttir

Sævar Birgisson
Bjarni Th. Bjarnason